# 27. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
# Dagsetning: 30.9.2024
# Fundartími: 17:30 – 19:00

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorteinsson framkvæmdastjóri

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Milliuppgjör og afkomuspá ársins 2024

Lagðar fram upplýsingar um stöðu Heilbrigðiseftirlitsins miðað við stöðuna 31. ágúst sl. og afkomuspá til ársloka með hliðsjón af niðurstöðunni.
Staðan er í samræmi við áætlun ársins, lítilsháttar aukning á tekjuhliðinni. Sama gildir um gjaldahliðina, aukning gjalda umfram áætlun er lítilsháttar. Niðurstaðan er að framlög sveitarfélaganna er í samræmi við áætlun.
*Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að útlit er fyrir að rekstrarniðurstaða ársins verði í samræmi við áætlanir ársins þrátt fyrir verulegar verðlagshækkanir á árinu.*

2. Dagskrárliður: Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og tillaga að tímagjaldi

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Gert er ráð fyrir að eftirlitstekjur hækki um 4,5% frá 2024, en aðrar tekjur svo sem vegna eftirfylgni hækki um 8%., Þá er gert ráð fyrir að rekstrargjöld hækki um rúmlega 8%, en sú hækkun skýrist af auknum launakostnaði.
Sífellt færist meiri þungi af starfsemi heilbrigðiseftirlitsins yfir á önnur störf, en hefðbundin reglubundin eftirlitsstörf. Þar sem ekki er heimilt að innheimta kostnað við eftirlit umfram þann kostnað sem er tilgreindur í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ljóst að hækka þarf framlag sveitarfélaganna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins. Sú hækkun er þó einungis um 10% og lítið umfram almennar verðlagshækkanir.
*Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald heilbrigðiseftirlits verði kr. 22.000 og sýnagjald kr. 22.500 á árinu 2025.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**3. Dagskrárliður: Hundaleyfisgjöld fyrir árið 2025**
Lögð fram tillaga að leyfisgjöldum fyrir hunda fyrir árið 2025. Lagt er til að hundaleyfisgjöld hækki um tæplega 5% milli ára. Áfram verði heimild til að lækka gjaldið um 50% ef hundaeigendur hafa settið námskeið um hundahald.
Hundaleyfisgjöldin á svæði HEF eru eina lægstu gjöld sem innheimtu eru fyrir hundahald á landinu. Það skýrist að hluta til vegna þess hversu hátt hlutfall þeirra sem lokið hafa námskeiði er, þ.e. um 58%.
*Heilbrigðisnefnd leggur til að hundaleyfisgjald verði kr. 18.000 á árinu 2025.*

**4. Dagskrárliður: Deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga Coda Terminal**
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 17. janúar 2024 að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga samhliða gerð nýrra deiliskipulagsáætlana og breytingum áætlana sem þurfa að koma til vegna þessa verkefnis.
Heilbrigðisnefnd hefur áður fjallað um áform Coda Terminal, s.s. í umsögn Coda Terminal, móttöku og geymslustöð fyrir koldíoxíð og í umsókn um stækkun hafnar í Straumsvík þar sem lögð var áhersla á mikilvægi ferskvatnstjarna við Straumsvík og að staðið verði vörð um lífríki og vatnasvið þeirra. Lögð er áhersla á að vatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes verði í góðu efnafræði- og vistfræðilegu ástandi og að mikilvægt sé að umhverfismarkmiðum vatnshlotanna verði náð. Þær umsagnir eiga við og tengjast þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru gagnvart þeim breytingum sem hér eru kynntar á deiliskipulagi fyrir væntanlegar borteiga Coda Terminal.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

**5. Dagskrárliður: Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna Fornubúðar 5**
Breytingin felur í sér breytingu á skilmálum í greinargerð. Skilmálar miðsvæðis M7 breytas vegna lóðarinnar Fornubúðir 5. Á reit M7 er gert ráð fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknum og þjónustu við starfsemi á svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir fjölbreyttari landnotkunar heimildum, s.s. fyrir almenna þjónustu, menningarstarfsemi, menntastofnanir. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna miðsvæðis M7 gerir ráð fyrir að íbúðir verði einnig heimiluð á svæðinu.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

**6. Dagskrárliður: Hellnahraun 3. áfangi, breyting á deiliskipulagi**
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2024 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 3. Skipulagssvæðið stækkar og eru 2 lóðir sameinaðar, Tunguhella 15 og 17 og fær lóðin heitið Tunguhella 15. Skilgreind er ný lóð við Borgarhellu sem heitir nú Borgarhella 25a. Á lóðum Tunguhellu 15 og Borgarhellu 25A er heimilt að hafa borteiga með öllu því sem til þarf til niðurdælingar $CO_2$ í jarðlög en sú starfsemi flokkast sem iðnaðarstarfsemi. Á borteigum verður $CO_2$ leyst í vatni og dælt niður í berglögin þar sem það steingerist
Heilbrigðisnefnd hefur áður fjallað um áform Coda Terminal, s.s. í umsögn Coda Terminal, móttöku og geymslustöð fyrir koldíoxíð og í umsókn um stækkun hafnar í Straumsvík þar sem lögð var áhersla á mikilvægi ferskvatnstjarna við Straumsvík og að staðið verði vörð um lífríki og vatnasvið þeirra. Lögð er áhersla á að vatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes verði í góðu efnafræði- og vistfræðilegu ástandi og að mikilvægt sé að umhverfismarkmiðum vatnshlotanna verði náð. Þær umsagnir eiga við og tengjast þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru gagnvart þeim breytingum sem hér eru kynntar á deiliskipulagi fyrir væntanlegar borteiga Coda Terminal. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að þó svo borsvæðin séu á þegar röskuðu svæði, þá eru lagnaleiðir á óröskuðu svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

7. Dagskrárliður: Deiliskipulag borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní sl. nýtt deiliskipulag í sunnanverðu Kapelluhrauni fyrir borteiga. Samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að skipuleggja 4 lóðir með byggingarreit til niðurdælingar $CO_2$ í jarðlög, lagnaleiðir fyrir gas- og vatnslagnir og vegslóða að borteigunum. Einnig að setja fram skipulagsskilmála sem heimila niðurdælingu $CO_2$ á fjórum iðnaðarsvæðisreitum í syðri hluta Kapelluhrauns og Selhrauns. Á hverri lóð er heimilt að hafa borteig með öllu því sem til þarf til niðurdælingar $CO_2$ í jarðlög. Á borteigum verður $CO_2$ leyst í vatni og dælt niður í berglögin þar sem það steingerist. Á hverjum borteig verða allt að 8 niðurdælingarholur ásamt 2- 4 vatnstökuholum.
Heilbrigðisnefnd hefur áður fjallað um áform Coda Terminal, s.s. í umsögn Coda Terminal, móttöku og geymslustöð fyrir koldíoxíð og í umsókn um stækkun hafnar í Straumsvík þar sem lögð var áhersla á mikilvægi ferskvatnstjarna við Straumsvík og að staðið verði vörð um lífríki og vatnasvið þeirra. Lögð er áhersla á að vatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes verði í góðu efnafræði- og vistfræðilegu ástandi og að mikilvægt sé að umhverfismarkmiðum vatnshlotanna verði náð. Þær umsagnir eiga við og tengjast þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru gagnvart þeim breytingum sem hér eru kynntar á deiliskipulagi fyrir væntanlegar borteiga Coda Terminal. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að þó svo borsvæðin séu á jaðri svæða sem þegar er raskað, þá eru fyrirhugaðar lóðir og lagnaleiðir á óröskuðu svæði og þarf að afla umsagnar Umhverfisstofnunar gagnvart breytingu skipulags. Þá vekur Heilbrigðiseftirlitið athygli á því að samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir efnistökusvæðum (E2 samkvæmt uppdrætti), en við skoðun á svæðinu er ljóst að umtalsverð efnissöfnun hefur átt sér stað á öðrum stöðum sem ekki eru tilgreind i skipulaginu og er nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir uppsöfnun efnis á öðrum stöðum á deiliskipulagssvæðinu sem ekki eru tilgreind í tillögunni.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 28. ágúst 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 28. ágúst sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 4. september 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 4. september sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 11. september 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 11. september sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 18. september 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 18. september sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

12. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 25. september 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 25. september sl. til kynningar og staðfestingar í heilbrigðisnefnd.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Undirskrift fundargerðar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# 23. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| **Dagsetning: 28.8.2024** | **Fundartími: 08:30 – 09:30** |
| **Boðaðir:** | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| **Fundarstjóri:** | Hörður Þorsteinsson |
| **Ritari:** | Dröfn Friðriksdóttir |

Dagskrá fundarins:

1. **Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - umsögn - tækifærisleyfi**
2. **Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
3. **Hörgatún 2 Garðabæ - mötuneyti - starfsleyfi**
4. **Uppsalir 3 Kópavogi - umsögn - tækifærisleyfi**
5. **Dalsmári 5 Kópavogi - umsögn - tækifærisleyfi**
6. **Skeggjastaðir Mosfellsbær - umsögn - rekstrarleyfi**
7. **Strandgata 39, Hafnarfirði, Hársnyrtistofa - skráning**
8. **Smiðjuvegur 40d, Kópavogur - Bifreiðaverkstæði - skráning**
9. **Flugumýri 6 Mosfellsbæ - bifreiða- og vélaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur**
10. **Reykjanesbraut 200 Hafnarfirði - móttaka á jarðvegefni - starfsleyfi**

**1. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - umsögn - tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.16.08.2024 þar sem óskað er umsagnar á beiðni um tímabundið áfengisleyfi 31.08.2024 frá kl. 23:00 til 03:00 01.09.2024 í tilefni af dansleik með Páli Óskari í Hlégarði.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**2. Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.08.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla kt.430985-0789 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skólaball þann 12.09.2024 frá kl. 21:00 til kl. 01:00 í Íþróttahúsinu Strandgötu Hafnarfirði.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**3. Hörgatún 2 Garðabæ - mötuneyti - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Jóns Elvars Hafsteinssonar f.h. Veritas hf., kt. 530602-3380 dags. 22.08.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti að Hörgstúni 2 Garðabæ. Fasteignanr. F2070879. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 28.08.2024.
*Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**4. Uppsalir 3 Kópavogi - umsögn - tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.08.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þjóðkirkjunnar kt.460169-6909 þar sem sótt er um tækifærisleyfi þann 31.08.2024 frá kl. 09:00 -17:00 í tilefni af Kirkjudögum - hátíð kirkjufólks, í Lindakirkju Uppsölum 3 Kópavogi. Fasteignanr. F2081525.
*Jákvæð umsögn staðfest.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**5. Dalsmári 5 Kópavogi - umsögn - tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.08.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Interfairs ehf., kt.640713-0620 þar sem sótt er um tækifærisleyfi þann 18.09.2024 frá kl. 10:00 -18:00 þann 20.09.2024 í tilefni af íslensku sjávarútvegssýningunni 18.-20. september 2024 í Smáranum og Fífunni Dalsmária 5 Kópavogi.
*jákvæð umsögn staðfest.*

**6. Skeggjastaðir Mosfellsbær - umsögn - rekstrarleyfi**
*K-17805; K-19842 Umsagnarbeiðni rekstrarleyfi Skeggjastaðir gisting*
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.08.2024 f.h. Tin ehf., kt. 510396-2199 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað að Skeggjastöðum Mosfellsbæ F2222121. í Flokki III - C Minna gistiheimili - flokkur III.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.08.2024.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**7. Strandgata 39, Hafnarfirði, Hársnyrtistofa - skráning**
Lögð fram umsókn Þórunnar Bjarnadóttur f.h. Toppur hársnyrtistofa., kt. 7009871169 um skráningarskyldan atvinnurekstur. Fastanúmer 2079471.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 21.08.2024. Jákvætt svar dags. 22.08.2024.Eftirlitsskýrsla dags.28.08.2024.
*Með vísan til hollustuháttarreglugerða er skráning staðfest*

**8. Smiðjuvegur 40d, Kópavogur - Bifreiðaverkstæði – skráning**
Lögð fram umsókn Garðars Bragasonar f.h. Bifreiðastillingin ehf., kt. 551295-2229, dags. 16.07.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Smiðjuvegi 40d, Kópavogi. Fasteignanr. F206-5358. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.2.2024
*Skráning staðfest.*

**9. Flugumýri 6 Mosfellsbæ - bifreiða- og vélaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur**
Lögð er fram umsókn Ásmundar Ásgeirssonar f.h. Bílastæðamálun Ása ehf., kt. 680400-2370 dags. 26.06.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir málun bílastæða og gatna ásamt malbiks holu viðgerðir, að Flugumýri 6 Mosfellsbæ. Fasteignarnúmer: F2083913. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 26.6.2024
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerðar er skráning samþykkt.*

**10. Reykjanesbraut 200 Hafnarfirði - móttaka á jarðvegefni – starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Ingimundar Helgasonar f.h. Kvartmíluklúbburinn kt. 660990-1199, dags. 04.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir móttöku á jarðvegsefni fyrir manir að Reykjanesbraut 200, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Drög að starfsleyfi auglýst 28.06.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerðar er starfsleyfi veitt til móttöku á jarðvegi í hljóðmanir á svæði Kvartmíluklúbbsins til dags. 31.12.2024.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

# 24. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| **Dagsetning: 4.9.2024** | **Fundartími: 08:30 – 09:30** |
| **Boðaðir:** | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| **Fundarstjóri:** | Hörður Þorsteinsson |
| **Ritari:** | Dröfn Friðriksdóttir |

Dagskrá fundarins:

1. **Kársnesbraut 110 Kópavogi - niðurrif - skráningarskyld starfsemi**
2. **Dalsmári 5 Kópavogi - umsögn - tækifærisleyfi**
3. **Bæjarlind 6 Kópavogi - snyrtistofa - starfsleyfi**
4. **Flatahraun 5a Hafnarfirði - tannlæknastofa - skránngarskyld starfsemi**
5. **Kaplakriki, Hafnarfirði, Íþróttahús - starfsleyfi**
6. **Stórihjalli 2, Kópavogi - Bón og bílaþvottur**

**1. Kársnesbraut 110 Kópavogi - niðurrif - skráningarskyld starfsemi**

Lögð fram umsókn frá Aflorka ehf., kt. 490103-3250 dags 28.08.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif á vörugeymslu, (skemmu) Matshluti 01 0103 að Kársnesbraut 110 Kópavogi. Fasteignarn. F2313308. Minnispunktar 04.09.2024.

*Með vísan til mengunarvarnareglugerða er leyfi samþykkt til 30.09.2024.*

**2. Dalsmári 5 Kópavogi - umsögn - tækifærisleyfi**

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.08.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Múlakaffi ehf., kt.660772-0229 þar sem sótt er um tækifærisleyfi þann 18.09.2024 frá kl. 11:00 -18:00 þann 20.09.2024 í tilefni af íslensku sjávarútvegssýningunni 18.-20. september 2024 í Smáranum og Fífunni Dalsmária 5 Kópavogi.

*Jákvæð umsögn staðfest.*

**3. Bæjarlind 6 Kópavogi - snyrtistofa - starfsleyfi**

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Þorgrímsdóttur f.h. Priority ehf., kt. 530318-1090, dags. 26.08.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hárgreiðsl- og snyrtistofu með húðrofi að Bæjarlind 6 Kópavogi. Fasteignanr.F223425. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.09.2024.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**4. Flatahraun 5a Hafnarfirði - tannlæknastofa - skránngarskyld starfsemi**

Lögð er fram umsókn Hjalta Harðarsonar f.h. Tannlæknastofu Hjalta Hardar sf., kt. 551217-3370 dags. 21.08.2024 um skráningu fyrir tannlæknastofu að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Fasteignarnúmer: F2243399. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.08.2024.

*Með vísan til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er skráning staðfest.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**5. Kaplakriki, Hafnarfirði, Íþróttahús - starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Elsu Hrönn Reynisdóttur f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769, dags. 08.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Íþróttahús að Kaplakrika, Hafnarfirði. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags 04.09.2024.
*Með vísan til hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**6. Stórihjalli 2, Kópavogi - Bón og bílaþvottur**
Lögð fram umsókn Viktors Arnar Guðmundssonar f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.02.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bón- og bifreiðaþvott að Stórahjalla 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2065395. Eigendaskipti.
*Með vísan til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er skráningin samþykkt. Vakin er athygli á sérskilyrðum varðandi sýnatökur úr olíuskiljum.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 25. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** 11.9.2024 | **Fundartími:** 08:30 – 09:30 |
| **Boðaðir:** | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| **Fundarstjóri:** | Hörður Þorsteinsson |
| **Ritari:** | Dröfn Friðriksdóttir |

**Dagskrá fundarins:**

1. Skipalón 23 Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi
2. Móabarð 32b Hafnarfirði - umsögn - rekstrarleyfi
3. Desjamýri 8 Mosfellsbæ - bifreiðaverkstæði - skráningarskyld starfsemi

**1. Skipalón 23 Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi**

Lögð fram umsókn Hildar Gylfadóttur kt. 220567-5329 dags. 09.09.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu barna, 10 börn, að Skipalóni 23, íbúð 401, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2297458. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.11.2024.

*Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

**2. Móabarð 32b Hafnarfirði - umsögn - rekstrarleyfi**

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.08.2024 þar sem sótt er um umsögn um rekstrarleyfi fyrir Gisting Móabarði 32b Hafnarfirði kt. 571201-6660 (Dýralæknaþjónusta ehf) F2078285.

Neikvæð umsögn frá byggingafulltrúa um rekstrarleyfi 21.08.24HEF tilkynnti um niðurstöðu byggingarfulltrúa 4.9.2024.

*Neikvæð umsögn staðfest með hliðsjón af svari byggingafulltrúa.*

**3. Desjamýri 8 Mosfellsbæ - bifreiðaverkstæði - skráningarskyld starfsemi**

Lögð fram umsókn Auðuns Ásberg Gunnarssonar f.h. Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf., kt. 660107-1690 dags. 30.06.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Desjamýri 8, Mosfellsbæ. Fasteignanr: F2364270. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.09.2024.Bréf sent byggingafulltrúa 17.7.2024.

*Með vísan til mengunarvarnarreglugerða er skráningu samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 26. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| Dagsetning: 18.9.2024 | Fundartími: 08:30 – 09:30 |
| Boðaðir: | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| Fundarstjóri: | Hörður Þorsteinsson |
| Ritari: | Dröfn Friðriksdóttir |

Dagskrá fundarins:

1. Breiðumýri Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn
2. Skólabraut 8 Garðabæ - veitingaleyfi - umsögn
3. Skólabraut 8 Garðabæ - veitingastofa - starfsleyfi
4. Kópavogsbraut 1C Kópavogi - fótaaðgerðastofa - starfsleyfi
5. Strikið 3 Garðabæ - fótaaðgerðastofa - starfsleyfi
6. Suðurhraun 4 Garðabæ - umsögn - tækifærisleyfi
7. Vallarkór 12-14. Kórinn - umsögn, tækifærisleyfi
8. Fornubúðir 5 Hafnarfirði - fiskvinnsla - starfsleyfi

1. Breiðumýri Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.09.2024 f.h. Ungmennafélag Álftaness kt. 630190-1939 þar sem sótt er um tækifærisleyfi-Tímabundið áfengisleyfi fyrir samkomu þann 04.10.2024 frá kl. 19:00 - kl. 01:00 þann 05.10.2024. Áætlaður gestafjöldi er 100 manns.

*Jákvæð umsögn staðfest.*

2. Skólabraut 8 Garðabæ - veitingaleyf - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.09.2024 f.h. Ungmennafélagið Stjarnan, kt. 611175-0199 þar sem sótt er um Veitingaleyfi í flokki II - F Krá að Skólabraut 8 Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi er 250 manns.
Eftirlitsskýrsla dags. 16.09.2024.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

3. Skólabraut 8 Garðabæ - veitingastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Pálma Geirs Jónssonar f.h. U.M.F. Stjarnan kt. 611175-0199 dags. 11.09.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Skólabraut 8 Garðabæ. Fasteignanr. F2263564. UPPFÆRT 13.9.2024 - uppfærður gestafjöldi úr 25 í 45
Eftirlitsskýrsla dags. 16.09.2024
*Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**4. Kópavogsbraut 1C Kópavogi - fótaaðgerðastofa - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Ölmu Daggar Einarsdóttur kt. 230892-2029 f.h. Fótaaðgerðastofan Dögg, dags. 28.08.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu í hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð Kópavogi. Fasteignanr.F2063378. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.09.2024
*Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**5. Strikið 3 Garðabæ - fótaaðgerðastofa - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Auðbjargar Garðarsdóttur kt. 040579-5919 f.h. Fótaaðgerðastofa Auðbjargar, dags.28.08.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu í hjúkrunarheimilinu Ísafold, Strikinu 3 Garðabæ. Fasteignanr.F2324081. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 17.09.2024
*Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**6. Suðurhraun 4 Garðabæ - umsögn - tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.08.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Interfairs ehf., Samhentir Kassagerð hf., kt.560196-2299 þar sem sótt er um tækifærisleyfi þann 19.09.2024 frá kl. 18:00 -23:00 í tilefni af íslensku sjávarútvegssýningunni í Samhentir Kassagerð Suðurhrauni 4, Garðabæ. UPPFÆRT 17.9.2024 - gestafjöldi breyttur úr 700 í 500.

*Jákvæð umsókn staðfest.*

**7. Vallarkór 12-14. Kórinn - umsögn, tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13. september 2024 f.h. Verzlunarskóla Íslands ses., kt. 690269-1399 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik þann 19.9.2024 frá klukkan 21:30 - 01:00. Áætlaður gestafjöldi: 1100.
*Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn*

**8. Fornubúðir 5 Hafnarfirði - fiskvinnsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Skarphéðins Jósepssonar f.h. Iraco ehf., kt. 630106-1840, dags. 02.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fiskvinnslu aðFornubúðum 5 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2231881. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.09.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# 27. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| Dagsetning: 25.9.2024 | Fundartími: 08:30 – 09:30 |
| Boðaðir: | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| Fundarstjóri: | Hörður Þorsteinsson |
| Ritari: | Dröfn Friðriksdóttir |

Dagskrá fundarins:

1. Vallakór 12-14 Kórinn - tækifærisleyfi - umsögn
2. Bæjarlind 6 Kópavogi - snyrtistofa - starfsleyfi
3. Lyngás 17, Garðabæ - Þvottahús/efnalaug, endurnýjun
4. Selhella 3, Hafnarfjörður - Naglastofa, eigendaskipti
5. Spóaás 17 Hafnarfirði - starfsleyfi - dreifing matvæla
6. Brúarfljót 2b Mosfellsbæ, dreifing matvæla - starfsleyfi

1. Vallakór 12-14 Kórinn - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.09.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Pálma Þórs Mássonar kt.090278-4609 þar sem sótt er um tækifærisleyfi þann 05.10.2024 frá kl. 18:00 -01:00 þann 06.10.2024 í tilefni af árshátíð Kópavogsbæjar. Áætlaður gestafjöldi er 1300 manns.

*jákvæð umsögn staðfest.*

2. Bæjarlind 6 Kópavogi - snyrtistofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Katrínar Sylvíu Símonardóttur kt. 310373-5919, dags. 26.08.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu með húðrofi að Bæjarlind 6 Kópavogi. Fasteignanr.F223425. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.09.2024.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

3. Lyngás 17, Garðabæ - Þvottahús/efnalaug, endurnýjun

Lögð fram umsókn Agötu Teresa Siek f.h. Dagar hf., kt. 460999-2439, dags. 16.09.2024, þar sem sótt er um endurnýjun á starfsleyfi að Lyngási 17 í Garðabæ.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.09.2024.

*Með vísun til mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

4. Selhella 3, Hafnarfjörður - Naglastofa, eigendaskipti

Lögð fram umsókn Sigrúnar Mistar Gunnarsdóttir kt. 290495-3269, dags. 16.09.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir naglastofu að Selhellu 3, Hafnarfirði. Fasteignanúmer: F2298591. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 20. september 2024.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**5. Spóaás 17 Hafnarfirði - starfsleyfi - dreifing matvæla**
Lögð fram umsókn Guðmundar Jónssonar f.h. GJ Innco ehf., kt. 481121-2130, dags. 19.08.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla, lögheimili að Spóaás 17 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2244764. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhóteli.
Eftirlitsskýrsla dags. 23.09.2024.
*Með vísan til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**6. Brúarfljót 2b Mosfellsbæ, dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Arnars Bjarnasonar f.h. Vínbóndinn ehf. kt. 630317-2070, dags. 06.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Brúarfljóti 2b, Mosfellsbæ og frá vöruhóteli Eimskip. Fasteignanr. 251-4869. bil 115. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.08.2024.
*Með vísan til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026